

## AUGLÝSING

### um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

Umferð um Nýbýlaveg skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart Skemmuvegi, Engihjalla og Stórahjalla, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Nýbýlaveg, skv. ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru num-in úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. ágúst 1980.*

**Ásgeir Pétursson.**

Nr. 533.

17. september 1980.

## AUGLÝSING

### um umferð í Búðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Eftirtaldar götur eru aðalbrautir:  
Hafnargata, Búðavegur, innan innri enda Hafnargötu, Skólavegur.
2. Umferð um Búðaveg skal víkja fyrir umferð um Hafnargötu.
3. Umferð um Skólaveg skal víkja fyrir umferð um Hafnargötu og um Búðaveg.
4. Hlíðargata hefur biðskyldu fyrir Borgarstíg og Bæjarstíg.
5. Hamarsgata hefur biðskyldu fyrir Búðavegi.
6. Á Álftamel skal vera einstefnuakstur frá Hlíðargötu að Skólavegi.
7. Hægri beygja af ytri enda Búðavegar inn á Hafnargötu er bönnuð.
8. Við Skólaveg, frá Snekkjunni að læk utan við gamla barnaskólann, eru bifreiðastöður bannaðar nema á merktum bifreiðastæðum.
9. Við Búðaveg, frá Garðarsstíg að Hafnargötu, eru bifreiðastöður bannaðar á neðri brún götu.
10. Við Búðaveg, frá bifreiðastæði við Odda að Búðavegi 49, Trésmiðju Austurlands, eru bifreiðastöður bannaðar á neðri brún götu.

Reglur þessar koma til framkvæmda þegar í stað.

*Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 17. september 1980.*

**Bogi Nilsson.**